



YFIRLIT ÁRSINS 2019

FLUGSVIÐ



Efnisyfirlit


TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS	3
TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU	4
RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU	7
NEFNDARFUNDIR	9
TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT	10
ERLENT SAMSTARF 2019	13
BANASLYS	14
OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2019	16

TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS

Á árinu 2019 bárust flugsviði RNSA alls 3.619 tilkynningar um flugatvik, alvarleg flugatvik og flugslys. Er þetta talsverð fjölgun frá gildistíma reglugerðarinnar eða rúmlega sex sinnum fleiri en frá árinu 2007.

Á árinu 2006 tók gildi reglugerð um aukna tilkynningaskyldu atvika í flugi. Árið 2007 var fyrsta árið eftir gildistöku hennar og bárust 554 tilkynningar það ár. Atvik eru tilkynnt til Samgöngustofu og fær flugsvið RNSA afrit af þeim í þeim tilgangi að ákveða hvort eitthvert þeirra flokkist sem alvarlegt og skuli því tekið til rannsóknar. Vakin er athygli á því að stundum berast RNSA fleiri en ein tilkynning um sama atvikið og skýrir það m.a. hvers vegna RNSA mælir fleiri tilkynningar en Samgöngustofa. Tilkynnt atvik til Samgöngustofu eru greind þar og nýtast meðal annars í úttektum og öðru eftirliti.

Á myndinni hér að neðan má sjá fjölgun tilkynninga á árunum 2010 til 2019.



Þess ber að geta að aukning á fjölda tilkynninga má ekki endilega rekja til þess að öryggi í flugi sé að rýrna heldur frekar að tilkynningarskildir aðilar eru duglegri að tilkynna en áður ásamt aukningu flugumferðar.

TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU


Flugsvið RNSA skoðaði 48 mál af þeim atvikum sem tilkynnt voru og skráði 23 þeirra sem alvarleg flugatvik/flugumferðaratvik eða flugslys og tók þau til formlegrar rannsóknar. Á árinu 2019 voru 8 mál skráð sem flugslys en ekkert á árinu 2018 sem verður að teljast nokkuð sérstakt þar sem það hafði ekki gerst síðan 1969. 25 mál reyndust þess eðlis að ákveðið var að rannsaka þau ekki frekar eða færð undir aðra rannsókn.

Á töflunni hér að neðan má sjá yfirlit skráðra mála hjá flugsviði RNSA á árinu 2019.

Málsnúmer	Flokkun	Heiti	Skráning	Tegund	Staður	Dags
19-001F001	Alvarlegt flugatvik	Snúið við vegna veikinda í áhöfn	TF-ISP	Boeing 767-300	BIKF	4.1.2019
19-010F002	EKKI rannsakað frekar	Flugumferðaratvik	TF-IFE	Tecnam P2002JF	BIRK	25.1.2019
19-011F003	EKKI rannsakað frekar	Röng hleðsla vöruflytningavélar	TF-BBG	Boeing 737-300	Spain (LPA)	26.1.2019
19-012F004	EKKI rannsakað frekar	Engine flywheel sheared during maintenance run-up	TF-KFJ	Diamond DA-40	BIKF	31.1.2019
19-029F005	EKKI rannsakað frekar	Snéri til Keflavíkur vegna reyks í farþegarymi	G-ZZB	Boeing 777-200	BIKF	9.3.2019
19-050F006	EKKI rannsakað frekar	Hreyfill gaf sig við ræsingu	TF-KFC	Diamond DA-40	BIKF	9.4.2019
19-052F007	EKKI rannsakað frekar	Brestur í framrúðu yfir Atlantshafi	9HVJA	Bombardier BD700	BIKF	4.5.2019
19-053F008	EKKI rannsakað frekar	Hlekkist á í landingu - Prop strike	TF-FGA	Diamond DA-20	BIRK	7.5.2019
19-065F009	Alvarlegt flugatvik	Cabin air incidents	TF-ISW	Boeing 767-300	Á flugi JFK-KEF	26.3.2019
19-066F010	EKKI rannsakað frekar	Flight upset	TF-ISL	Boeing 757-200	Over Greenland	4.4.2019
19-067F011	EKKI rannsakað frekar	Cabin crew injury due to turbulence	TF-FIR	Boeing 757-200	Á flugi KEF-SEA	28.4.2019
19-068F012	EKKI rannsakað frekar	Cabin crew injury during turbulence	TF-ISY	Boeing 757-200	Á flugi CDG-KEF	29.4.2019
19-069F013	EKKI rannsakað frekar	Gangtrufanir	TF-TOP	Aviat S-2B	Við Ljósavatn	14.5.2019
19-070F014	EKKI rannsakað frekar	Sjónflugsvél í blindflugsskilyrðum	TF-RVM	Piper PA-28-181	Við Dyrhólaey	17.5.2019
19-071F015	EKKI rannsakað frekar	Hlekkist á í flugtaksbruni	TF-FIM	Piper PA-18-150	Við Geysi	21.5.2019
19-072F016	Alvarlegt flugatvik	Could not restart engine during flight	TF-KFE	Diamond DA-42	Við Patterson	28.5.2019
19-076F017	EKKI rannsakað frekar	Hlekkist á í landingu	TF-ACE	Aviat S-2A	BIRK	28.5.2019
19-080F018	EKKI rannsakað frekar	Severe turbulence	TF-ISD	Boeing 757-200	Enroute to Chicago	29.5.2019
19-081F019	EKKI rannsakað frekar	Út af heimilaðri flugleið og fjarskiptavandræði	N411FT	King Air 65-B90	Enroute to BIRK	4.6.2019
19-082F020	Alvarlegt flugatvik	Missti mótör og nauðlenti á túni	TF-MAJ	Textron 207A	Birtingarholt í Hrunamannahreppi	6.6.2019
19-083F021	Flugslys	Fis (gyrocopter) hlekkist á í landingu	OK-YWC-69	Cavalon 915	Þingvellir	8.6.2019
19-084F022	Alvarlegt flugatvik	Engine shutdown and diverted	TF-FIK	Boeing 757-200	Stavanger	9.6.2019

19-085F023	Flugslys	Brotlenti við flugvöll	N3294P	Piper PA23	Múlakot	9.6.2019
19-092F024	Flugslys	Brotlenti eftir niðurstreymi	TF-KFC	Diamond DA-40	Við Látrabjarg	13.6.2019
19-108F025	Alvarlegt flugumferðaratvik	Flugumferðaratvik á sjónflugleið 1	TF-FGB & TF-KFI	Diamond DA-20 / Diamond DA-40	Við Esju	10.6.2019
19-109F026	Ekki rannsakað frekar	Hlekkist á í snertilendingu	TF-AST	Textron 140	BIAR	9.7.2019
19-110F027	Ekki rannsakað frekar	Hlekkist á í snertilendingu	TF-FGC	Diamond DA-20	Sandskeiði	2.7.2019
19-111F028	Ekki rannsakað frekar	Landed with flaps UP due to flaps disagree	N34131	Boeing 757-200	BIKF	14.7.2019
19-113F029	Flugslys	Missti afl og nauðlenti	TF-171	Kitfox III	Rif á Snæfellsnesi	20.7.2019
19-114F030	Flugslys	Fór út af braut í landingu og hafnaði á hvolfi	TF-DGA	Cessna 182	Haukadalsmelar	25.7.2019
19-115F031	Flugslys	Brotlenti eftir flugtak	TF-CRZ	Piper PA-12 replica	Haukadalsmelar	27.7.2019
19-117F032	Alvarlegt flugumferðaratvik	Flugumferðaratvik við landingu	TF-FGA & TF-IFB	Diamond DA-20 / Tecnam P2002JF	BIRK	22.7.2019
19-118F033	Flugslys	Hlekkist á í flugtaki	TF-KAY	Piper PA-18-150	Svefneyjar	15.8.2019
19-119F034	Ekki rannsakað frekar	Hlekkist á í landingu	TF-KFF	Diamond DA-20	Flúðir	24.8.2019
19-120F035	Ekki rannsakað frekar	Air turnback to BIKF due to RH engine N3 and EGT heat in yellow range at FL250 during climb	N17128	Boeing 757-200	BIKF	26.8.2019
19-121F036	Ekki rannsakað frekar	Three passengers unconscious	TF-FIO	Boeing 757-200	BIKF	3.8.2019
19-122F037	Alvarlegt flugumferðaratvik	Flugumferðaratvik	TF-IFD	Tecnam P2002JF	BIRK	18.7.2019
19-123F038	Alvarlegt flugumferðaratvik	Flugumferðaratvik	TF-IFA og TF-IFI	Tecnam P2002JF / Tecnam P2002JF	BIRK	11.7.2019
19-124F039	Ekki rannsakað frekar	Drap á hreyfli vegna olíuleka og snéri við til landingar	TF-ISV	Boeing 757-200	BIKF	2.9.2019
19-125F040	Alvarlegt flugatvik	Takmörkuð stjórn - aileron cable failure	TF-BBH	Boeing 737-400	Morocco	17.8.2019
19-142F041	Flugslys	Brotlenti á Skálafellsöxl	TF-KAJ	Piper PA-18-150	Skálafell	17.9.2019
19-143F042	Alvarlegt flugatvik	Þrjár veikar flugfreyjur vegna loftgæða	TF-FIP	Boeing 757-200	KEF-Zurick-KEF	18.9.2019
19-158F043	Alvarlegt flugatvik	Landing excursion at end of RWY 01	N812AM	BAE 125	BIKF	28.10.2019
19-159F044	Alvarlegt flugatvik	Declared fuel emergency and landed on closed RWY 01	TF-ISF	Boeing 757-200	BIKF	28.10.2019
19-163F045	Ekki rannsakað frekar	Vanlíðan á hafnarmeðlims í ræsingu eftir bið á jörðu	TF-FIV	Boeing 757-200	BIKF	4.10.2019
19-171F046	Ekki rannsakað frekar	Galley floor heat panel failure resulted in emergency landing at BIKF	N824NW	Airbus 330	BIKF	16.12.2019
19-173F047	Alvarlegt flugumferðaratvik	Flugumferðaratvik í aðflugi	TF-IFD TF-CCB	Tecnam P2002-JF Yakolev YAK 55	BIRK	2.9.2019
19-174F048	Alvarlegt flugumferðaratvik	Flugumferðaratvik í aðflugi	TF-TWO TF-FGB	Cessna 150L DA20-C1	BIRK	30.9.2019

Fjöldi mála sem tekin hafa verið til rannsóknar á síðustu 10 árum.



RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU


Á árinu 2019 lauk flugsvið RNSA alls 42 máli. Þar af var 5 málum lokið með útgáfu á lokaskýrslu, 8 málum var lokað með bókun, 3 mál voru sameinuð öðrum málum og 26 mál reyndust við nánari skoðun vera flugatvik og voru því ekki rannsökuð frekar.

Málsnúmer	Heiti	Afgreiðsla	Opnað	Lokað
15-089F026	TF-IFC brotlending í Kapelluhrauni	Skýrsla	12.11.2015	28.11.2019
16-008F003	757/767 Cabin crew illness	Lokað með bókun	3.2.2016	8.8.2019
17-116F021	TF-FHI Nauðlenti eftir að hreyfill missti afl	Lokað með bókun	3.8.2017	8.8.2019
17-182F035	TF-ISN cabin crew illness during flight SEA-KEF	Sameinað máli 19-001F001	22.8.2018	14.11.2019
18-007F002	N525FF og ökutæki brautarátroðningur á BIRK	Skýrsla	11.1.2018	7.2.2019
18-012F004	TF-IFE Hreyfill missti afl í flugtaki	Lokað með bókun	19.1.2018	8.8.2019
18-025F007	TF-ORD í flugtaki þegar brautártroðningur varð á BIRK	Skýrsla	9.2.2018	28.11.2019
18-049F010	TF-TWO og TF-IFB flugumferðaratvik við Langavatn	Skýrsla	29.3.2018	8.8.2019
18-107F021	TF-HDH bolts discovered missing in main rotor pitch links during pre-flight check	Lokað með bókun	15.6.2018	8.8.2019
18-150F030	TF-FXA missti olíuþrýsting á hægri hreyfli	Skýrsla	9.8.2018	12.12.2019
18-170F032	TF-ISK cabin crew illness during flight KEF-MAN	Sameinað máli 19-0143F042	9.8.2018	14.11.2019
18-171F033	TF-149 hlekkist á í landingu við Skáldalæk	Ekki rannsakað frekar	31.8.2018	6.8.2019
18-207F036	TF-FMS & TF-IFB árekstrarhætta á lokastefnu á BIRK	Lokað með bókun	26.11.2018	8.8.2019
19-010F002	TF-IFE Flugumferðaratvik Reykjavíkflugvelli	Ekki rannsakað frekar	25.1.2019	31.5.2019
19-011F003	TF-BBG Röng hleðsla vöruflutningavélar	Ekki rannsakað frekar	26.1.2019	6.6.2019
19-012F004	TF-KFJ Engine flywheel sheared during maintenance run-up	Ekki rannsakað frekar	31.1.2019	8.2.2019
19-029F005	G-ZZZB Snéri til Keflavíkur vegna reyks í farþegarými	Ekki rannsakað frekar	9.3.2019	6.6.2019
19-050F006	TF-KFC Hreyfill gaf sig við ræsingu	Ekki rannsakað frekar	9.4.2019	6.6.2019
19-052F007	9HVJA Brestur í framrúðu yfir Atlantshafi	Ekki rannsakað frekar	4.5.2019	31.5.2019
19-053F008	Hlekkist á í landingu - Prop strike	Ekki rannsakað frekar	7.5.2019	31.5.2019
19-065F009	TF-ISW Cabin air incidents JFK-KEF	Sameinað máli 19-001F001	23.3.2019	14.11.2019
19-066F010	TF-ISL flight upset over Greenland	Ekki rannsakað frekar	4.4.2019	27.5.2019
19-067F011	TF-FIR cabin crew injury due to turbulence	Ekki rannsakað frekar	28.4.2019	27.5.2019
19-068F012	TF-ISY cabin crew injury during turbulence CDG-KEF	Ekki rannsakað frekar	29.4.2019	27.5.2019
19-069F013	TF-TOP gangtruflanir við Ljósavatn	Ekki rannsakað frekar	14.5.2019	27.5.2019
19-070F014	TF-RVM sjónflugsvél í blindflugsskilyrðum við Dyrhólaey	Ekki rannsakað frekar	17.5.2019	12.12.2019
19-071F015	TF-FIM hlekkist á í flugtaksbruni við Geysi	Ekki rannsakað frekar	21.5.2019	6.6.2019

19-072F016	TF-KFE gat ekki endurræst annan hreyfilinn á flugi	Lokað með bókun	28.5.2019	27.12.2019
19-076F017	TF-ACE hlekkist á í landingu á BIRK	Ekki rannsakað frekar	28.5.2019	29.5.2019
19-080F018	TF-ISD severe turbulence enroute to Chicago	Ekki rannsakað frekar	29.5.2019	3.6.2019
19-081F019	N411FT út af heimilaðri flugleið og fjarskiptavandræði	Ekki rannsakað frekar	4.6.2019	5.6.2019
19-083F021	OK-YWC-69 fis (gyrocopter) hlekkist á í landingu	Lokað með bókun	8.6.2019	31.10.2019
19-109F026	TF-AST á BIAR hlekkist á í snertilendingu	Ekki rannsakað frekar	9.7.2019	15.7.2019
19-110F027	TF-FGC hlekkist á í snertilendingu á Sandskeiði	Ekki rannsakað frekar	2.7.2019	15.7.2019
19-111F028	N34131 landed with flaps UP due to flaps disagree at BIKF	Ekki rannsakað frekar	14.7.2019	15.7.2019
19-113F029	TF-171 missti afl og nauðlenti rétt ofan fjöru við Rif á Snæfellsnesi	Lokað með bókun	20.7.2019	31.10.2019
19-119F034	TF-KFF hlekkist á í landingu á flugvelli á Flúðum	Ekki rannsakað frekar	24.8.2019	27.8.2019
19-120F035	N17128 air turnback to BIKF due to RH engine N3 and EGT heat in yellow range at FL250 during climb	Ekki rannsakað frekar	26.8.2019	27.8.2019
19-121F036	TF-FIO Three passengers unconscious	Ekki rannsakað frekar	3.8.2019	28.8.2019
19-124F039	TF-ISV Drap á hreyfli v olíuleka og snéri við til landingar	Ekki rannsakað frekar	2.9.2019	12.12.2019
19-163F045	TF-FIV vanlíðan áhafnameðlims í ræsingu eftir bið á jörðu	Ekki rannsakað frekar	4.10.2019	12.12.2019
19-171F046	Galley floor heat panel failure resulted in emergency landing at BIKF	Ekki rannsakað frekar	16.12.2019	17.12.2019

NEFNDARFUNDIR

Á árinu 2019 voru haldnir 28 nefndarfundir á flugsviði RNSA en að meðaltali hafa verið haldnir um 24 fundir á flugsviði á ári síðustu 10 ár eða um aðra hverja viku.



Helstu verkefni á nefndarfundum er yfirferð á drögum um lokaskýrslur, meðferð þeirra athugasemda sem gerðar eru við drög ásamt meðferð lokaskýrslna. Þá eru tæknileg atriði rannsókna einnig til umfjöllunar á nefndarfundum.

TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT

Flugsvið RNSA gerði samtals 14 tillögur og/eða tilmæli í öryggisátt á árinu 2019. Frá árinu 1996 hefur Rannsóknarnefnd flugslysa og nú flugsvið Rannsóknarnefndar samgönguslysa gefið út að meðaltali 12 tillögur eða tilmæli í öryggisátt á hverju ári eða um eina á mánuði. Tillögur í öryggisátt og viðbrögð við þeim má finna á vef Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Nánar um viðbrögð við tillögum í öryggisátt eru uppfærð á vefsvæði RNSA, <http://www.rnsa.is/tilloegur-i-oeryggisatt/>

Tillögur í öryggisátt sem gerðar voru á árinu 2019 voru eftirfarandi:

18-007F002 T01

The ITSB recommends that ICETRA reviews Iceland AIP GEN 3.4.3.4 for BIRK and recommend that English is always used for ATC radio communications when at least one airplane on the ground and/or tower frequencies communicates in English.

18-049F010 T01

Að Isavia skipuleggi verkaskiptingu í flugturni miðað við álag hverju sinni.

15-089F026 T05

ICAO elevate the relevant SARPs for navigation to utilizing GPS to require aviation GPS driven navigation equipment to automatically record flight track data. This can then be accessed by an official accident investigator with the manufacturers support.

15-089F026 T04

ICETRA define a flight training area within the vicinity of BIRK and BIKF, which has an upper limit of at least 5.000 feet AGL.

15-089F026 T03

Flight schools Increase the minimum altitude for exercises that can lead to a spin to 5000 feet (AGL).

15-089F026 T02

EASA require a spin test for VLA aircraft that goes through a major change, such as for MTOW, even though the C.G. excursion is the same.

15-089F026 T01

The manufacturer of Tecnam redesign the weight and balance envelope chart for the Tecnam P2002JF load sheet, to minimize the risk of incorrect W&B calculations.

18-025F007 T01

Að Isavia skoði þann möguleika að tengja hlustun á turnrás inn á fjarskiptatæki í farartækjum flugvallarþjónustu Reykjavíkurflugvallar til þess að auka næmi á aðstæður (situational awareness).

18-150F030 T04

Að Air Iceland Connect endurskoði þjálfun starfsfólks, til þess að tryggja að starfsfólk sem kemur að viðhaldi flugvéla, hver sem staða þess er, fái viðeigandi þjálfun og hafi þekkingu á sínu hlutverki og skyldum. Undir þetta fellur að starfsfólki á að vera ljóst hverjar heimildir þess eru (authorized staff) eða takmarkanir (un-authorized staff).

18-150F030 T03

Að Air Iceland Connect endurskoði þjálfun yfirmanna og viðhaldsvotta á viðhaldssviði til að tryggja sé að viðhaldshandbók félagsins sé fylgt (CAME 2.28 og 2.25).

18-150F030 T02

Að Air Iceland Connect setji upp formlegt verklag til þess að tryggja að flugumsjón geti ekki einhliða tekið flugvél úr skipulögðu og/eða bókuðu viðhaldi, án samráðs og samþykkis viðhaldsdeildar.

18-150F030 T01


Að Air Iceland Connect endurskoði verklag á viðhaldssviði (production planning) þegar veikindi/slys/frestun viðhalds og annað komi upp, til þess að tryggja nægilegan fjölda flugvirkja með viðeigandi réttindi, fyrir uppsett verk.

Tilmæli sem gerð voru á árinu 2019:

Að flugmenn haldi ekki áfram inn að upphafi skipulagðrar leiðar án undangenginnar heimildar frá flugturni.

Að flugmenn reyni að notast við „negative“ í stað innskotsorðsins „not“ í talstöðvarfjarskiptum.

Eftirfarandi súlurit sýnir samanburð síðustu 10 ára á útgáfu á tillögum í öryggisátt og og tilmælum á flugsviði.



Á árinu 2013 tók flugsvið Rannsóknarnefndar samgönguslysa við af Rannsóknarnefnd flugslysa sem stofnuð var árið 1996. Sameiginlega hafa þessar stofnanir gefið út samtals 294 tillögur eða tilmæli í öryggisátt frá árinu 1996. Það hafa því verið lagðar fram um 12 tillögur/tilmæli á ári sem stuðla að auknu flugöryggi eða að meðaltali ein á mánuði síðastliðin 24 ár.

ERLENT SAMSTARF 2019

Rannsakendur á flugsviði tóku þátt í Norðurlanda- og Evrópusamstarfi rannsóknarnefnda flugslysa. Að þessu sinni var Norðurlandafundurinn haldinn í Kanada en rannsóknarnefnd samgönguslysa í Kanada hefur verið þáttakandi á Norðurlandafundum í um 30 ár. Eins og undanfarin ár tók flugsvið RNSA virkan þátt í tengslaneti rannsækenda í Evrópu (ENCASIA) en tengslanetið er á vegum Evrópusambandsins. Rannsakandi á flugsviði sótti einnig fund hjá samtökum flugmálayfirvalda í Evrópu (ECAC) sem og hjá Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA).

Rannsakendur á flugsviði sóttu tvær ráðstefnur flugslysarannsækenda, annars vegar í Evrópu (ESASI) og hinsvegar á alþjóðavísu (ISASI). Þess ber að geta að Ísland stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu ISASI á Íslandi árið 2016 og á nú fulltrúa í Evrópuráði ESASI.

Þegar flugslys eða alvarleg flugatvik eru tekin til rannsóknar hafa önnur ríki svo sem hönnunarríki, ríki framleiðanda og skráningaríki loftfara, rétt til þátttöku í rannsókninni. Í tengslum við rannsókir sem í gangi voru á árinu 2019 var flugsvið RNSA í samstarfi við erlendar rannsóknarnefndir, svo sem NTSB (Bandaríkin), AAIB (Bretland), TSB (Kanada), Statens Havarikommisjon for Transport (Noregi), Havarikommisionen (Danmörk), SHK (Svíþjóð), Onnetomuustutkintakeskus (Finnland), BEA (Frakkland), BFU (Þýskaland), TAIIB (Lettlandi), AAIIS (Slóvenía), TSB (Ungverjaland), PKBWL (Pólland), FSIA (Austurríki) og ANSV (Ítalía).

Fulltrúi RNSA tók þátt í jafningjaskoðun (Peer review) rannsóknarnefndar samgönguslysa í Sviss, en Sviss hyggst sækja um þátttöku í tengslaneti ENCASIA og er skoðunin hluti af umsóknarferlinu. Þá sóttu rannsakendur einnig endurmenntunarnámskeið við rannsóknir flugslysa í Bandaríkjunum.


Að venju tóku rannsakendur RNSA þátt í flugslysaæfingu á vegum Isavia, en rannsakandi á flugsviði og rannsakandi á umferðarsviði tóku þátt í slíkri æfingu sem haldin var á Hornafirði í september 2019.

BANASLYS

Tvö banaslys urðu í flugi á árinu 2019 en það gerðist einnig árið 2015. Þrjú ár þar á milli voru engin banaslys á íslensk skráðu loftfari.


Sex banaslys hafa verið í flugi á íslensk skráðum loftförum á síðustu 10 árum. Eitt varð árið 2012 þegar fis TF-303 var í kennsluflogi, ofreis og fór í spuna á Reykjanesi en þar létust tveir. Árið 2013 létust einnig tveir menn þegar sjúkraflugvél TF-MYX brotlenti á Akureyri. Þá voru tvö banaslys á árinu 2015. Það fyrra varð þegar N610LC, einkaflugvél af gerðinni DHC-2 Beaver, brotlenti í Barkárdal í ágúst 2015 með þeim afleiðingum að ferjuflugmaður lést og flugmaður slasaðist töluvert. Það síðara varð þegar TF-IFC, kennsluflugvél af gerðinni Tecnam P2002JF brotlenti í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar í nóvember 2015 með þeim afleiðingum að tveir menn létust. Á síðastliðnu ári urðu tvö banaslys á árinu, annarsvegar þar sem þrír létust í einkaflugi þegar N3294P, tveggja hreyfla einkaflugvél af gerðinni Piper PA23, brotlenti við Múlakot og hinsvegar þar sem einn lést í einkaflugi þegar TF-CRZ, sem var af gerðinni Piper PA-12 Replica, brotlenti á Haukadalsmela.

Alls hafa því 11 einstaklingar farist í sex flugslysum á síðustu 10 árum á Íslandi.





Á næstu síðu má sjá fjölda banaslysa á íslensk skráðum loftförum frá upphafi. Þar má meðal annars sjá að á árunum 2001 -2008 voru átta ár samfleytt án banaslysa í flugi á Íslandi. Eins og greint er frá að ofan voru engin banaslys á árunum 2016-2018 og að frátöldu átta ára tímabilinu voru síðast þrjú banaslysalaus ár á árunum 1953 – 1955.

Fjöldi banaslysa á ári íslensk skráðum loftförum




OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2019

Í lok ársins 2019 voru 26 mál sem ekki var búið að ljúka og er það fjölgun um 5 mál frá fyrra ári. Þar af voru 18 mál frá árinu 2019, 3 mál frá árinu 2018, 3 mál frá árinu 2017 og 2 mál frá árinu 2016. Þá hefur meðalaldur mála lækkað á milli ára og st. endur hann í 1,04 ári við árslok, en meðaltal síðustu 10 ára er 1,23 ár. Nánari upplýsingar um opin mál má sjá á vef RNSA.



Á súluritinu hér fyrir neðan má sjá að fækkun er á málum sem ekki var búið að ljúka í árslok ef litið er á þróun síðustu tíu ára. Tíu ára meðaltal opinna mála í árslok reiknast 29.5 og eru opin mál í árslok því fyrir neðan meðaltal þótt þeim hafi fjölgað á milli árunna 2018 og 2019.



Reykjavík – Janúar 2020

